



Fjárhagsáætlun 2015

Greinargerð sveitarstjóra lögð fram við síðari umræðu í sveitarstjórn mánudaginn 15. desember 2014.

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar fyrir árið 2015 er hér lögð fram til seinni umræðu. Fjárhagsáætlunin sýnir rekstraráætlun, sjóðsstreymi og áætlaðan efnahagsreikning fyrir sveitarfélagið og stofnanir þess. Grunnur að allri þessari vinnu er að sýna aðhald og hagkvæmni í rekstri samhliða því að standa vörð um þá þjónustu sem veitt er. Fjárhagsáætlunin samanstendur af upplýsingum um A-hluta sveitarsjóðs og samantekinn A- og B-hluta. Í A-hluta er aðalsjóður auk eignasjóða. Í B-hluta eru veitustofnanir, hafnarsjóður, félagslegar íbúðir og Tímatákn ehf. Helstu niðurstöðutölur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2015 eru þær að A- og B-hluti saman, eða samstæðan í heild sinni, skila rekstrarafgangi upp á 89 m.kr. Veltufé frá rekstri er áætlað 354 m.kr. og gert er ráð fyrir að skuldir sem hlutfall af tekjum muni lækka.

Mikil aðhaldssemi hefur verið viðhöfð í rekstri sveitarfélagsins síðustu misseri og dregið hefur verið úr ýmsum rekstrarþáttum. Lögð hefur verið áhersla á að standa vörð um lögbundna þjónustu sveitarfélagsins og hægt er að segja með sannri átt sér stað veruleg þjónustuskerðing, þótt aðhald hafi vissulega verið mikið. Aðhald verður áfram í rekstri sveitarfélagsins á komandi árum og áfram verður leitað hagræðingartækifæra en þó ávallt með það að markmiði að gæta jafnvægis í þjónustu sveitarfélagsins.

Fag nefndir sveitarfélagsins ásamt byggðarráði og starfsmönnum unnu mikið starf í undirbúningi þessarar fjárhagsáætlunar og skoðuðu alla fjárhagslega þætti í rekstri sveitarfélagsins. Halda þarf þeirri vinnu áfram og greina enn frekar rekstur einstakra þátta og ákveða þjónustustig sveitarfélagsins til framtíðar. Mikilvægt er að samvinna verði áfram eins og verið hefur meðal allra sem málið snertir í þeirri viðleitni að ná fram þeim markmiðum sem eru sett í áætluninni. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 er gert ráð fyrir afgangi á rekstri samstæðunnar en tapi á rekstri A -hluta en slíkt er ekki ásættanlegt til lengri tíma litið, þó verulegur árangur hafi náðst í átt til jafnvægis.

Helstu forsendur áætlunar

Gert er ráð fyrir að meðalverðbólga á árinu 2015 verði **2,7 %** og er það í takt við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands. Þá er einnig stuðst við tillögu Sambands íslenskra sveitarfélaga um áætlaða staðgreiðslu fyrir tekjuárið 2015. Reiknað er með óbreyttu atvinnustigi. Útsvarsprósentan er óbreytt á milli ára 13,28%,



auk 1,2% hækkunar útsvars frá ríki, vegna yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Einnig er gert ráð fyrir að hækkun á útsvari sem samþykkt var á Alþingi í desember 2013 vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga verði framlengd, en þá voru samþykktar breytingar á lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, þar sem leyfilegt hámarksútsvar af tekjum manna á árinu 2014 hækkaði um 0,04%, eða úr 14,48% í 14,52%. Gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall tekjuskatts lækki um samsvarandi hlutfall þannig að ekki verði um heildarhækkun tekjuskatts og útsvars að ræða.

Gert er ráð fyrir að tekjur frá Jöfnunarsjóði verði samkvæmt áætlun frá þeim en tekjuskerðing var á framlögum frá Jöfnunarsjóði árið 2011 sem ekki hefur náðst að jafna.

Samþykkt var að fasteignaskattsprósentur breytist ekki á milli ára og skattar og gjöld verði eftirfarandi á árinu 2015:

Fasteignaskattur A-flokkur 0,50%
Fasteignaskattur B-flokkur 1,32%
Fasteignaskattur C-flokkur 1,65%
Lóðarleiga íbúðarlóða 1,50%
Lóðarleiga atvinnulóða 2,50%
Leiga beitarlands 0,50 kr./m²
Leiga ræktunarlands utan þéttbýlis 0,90 kr./m²
Leiga ræktunarlands í þéttbýli 1,25 kr./m²

Gert er ráð fyrir nokkrum gjaldskrárhækkunum heilt yfir hjá stofnunum sveitarfélagsins sem taka fyrst og fremst mið af vísitöluhækkunum undanfarinna ára og kjarasamningshækkunum launa.

Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011

Áætlunin er unnin með hliðsjón af fjármálareglum og fjárhagslegum viðmiðum sveitarfélaga sem sett voru í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og með síðari breytingum, en þau tóku gildi í upphafi árs 2012. Í 64. gr. nýrra sveitarstjórnarlaga er kveðið á um að „samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B – hluta í reikningsskilum skv. 60 gr. séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum“.

Einnig segir í 64.gr. nýrra sveitarstjórnarlaga að heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60.gr. megi ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Við útreikning á skuldahlutfalli má nú undanskilja tekjur og skuldbindingar veitu- og orkufyrirtækja sem og að heimilt er að draga frá hluta lífeyrisskuldbindingar.

Hjá Sveitarfélaginu Skagafirði er skuldahlutfall áætlað 132% á árinu 2015. Ef undanskildar eru tekjur og gjöld veitu- og orkufyrirtækja og dreginn frá sá hluti lífeyrisskuldbindinga sem má draga af heildarskuldum og skuldbindingum samkvæmt reglugerð er skuldahlutfallið 123%.



Úrdráttur úr fjárhagsáætlunum 2015-2018

Uppæðir í þúsundum króna.

	A og B hluti					
	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun
Tekjur:	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Skatttekjur	1.825.695	1.888.351	2.025.000	2.025.000	2.025.000	2.025.000
Framlög jöfnunarsjóðs	672.310	606.561	656.252	656.252	656.252	656.252
Aðrar tekjur	1.427.574	1.354.587	1.588.907	1.557.907	1.557.907	1.543.907
Heildartekjur	3.925.579	3.849.499	4.270.159	4.239.159	4.239.159	4.225.159

Skuldir og skuldbindingar:

Skuldir og skuldbindingar	5.487.382	5.601.326	5.646.328	5.732.448	5.773.602	5.821.365
Skuldir og skuldbindingar veitu	968.452	919.538	925.022	877.910	836.851	794.412
Lífeyrisskuldbinding	879.296	902.456	923.526	941.546	956.566	968.586

Skuldahlutfall:

Heildarskuldir / tekjur	1.40	1.46	1.32	1.35	1.36	1.38
Heildarsk.-líf.sk / tekjur	1.31	1.38	1.26	1.30	1.32	1.34
Heildarsk-veitu- lífsk / Tekjur-tekjur veitu	1.26	1.36	1.23	1.28	1.30	1.33



Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar fyrir árið 2015

Rekstur:

Áætlun ársins gerir ráð fyrir að rekstrartekjur Sveitarfélagsins Skagafjarðar nemi **4.270 m.kr.** hjá samstæðunni í heild, A- og B-hluta, þar af eru rekstrartekjur A hluta áætlaðar **3.638 m.kr.** Rekstrargjöld án fjármagnsliða eru áætluð **3.934 m.kr.**, þ.a. A-hluti **3.499 m.kr.** Rekstrarhagnaður A- og B-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði eru **505 m.kr.**, afskriftir nema **169 m.kr.** og fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur nema **246 m.kr.**, rekstrarniðurstaða samstæðunnar í heild A- og B-hluta er áætluð samtals **89 m.kr.** hagnaður.

Rekstrarhagnaður A-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði eru **230 m.kr.**, afskriftir nema **91 m.kr.**, fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur nema **173 m.kr.** Rekstrarniðurstaða A-hluta sveitarsjóðs er því áætluð neikvæð um **34 m.kr.**

Efnahagur:

Eignir Sveitarfélagsins Skagafjarðar eru áætlaðar í árslok 2015 **7.402 m.kr.**, þ.a. eignir A-hluta **5.508 m.kr.** Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar í árslok **5.646 m.kr.**, þ.a. hjá A-hluta **4.400 m.kr.** Eigið fé er áætlað **1.756 m.kr.** hjá samstæðunni og eiginfjárlutfall því **0,23**. Eigið fé A-hluta er áætlað **1.108 m.kr.** og eiginfjárlutfall **0,20**. Ný lántaka er áætluð **335 m.kr.** hjá samstæðunni í heild og að afborganir eldri lána og skuldbindinga verði um **382 m.kr.** Reiknaðar lífeyrisskuldbindingar eru **924 m.kr.** hjá samstæðu og þar af **840 m.kr.** hjá A-hluta.

Sjóðsstreymisyfirlit:

Áætlunin gerir ráð fyrir að veltufé frá rekstri A-hluta verði jákvætt um **135 m.kr.**, veltufé frá rekstri samstæðunnar A- og B-hluta verði jákvætt um samtals **354 m.kr.** Þá er gert er ráð fyrir að handbært fé í árslok verði **111 m.kr.**

Þrátt fyrir að aðhalds sé gætt í rekstri þá er gert ráð fyrir að sveitarsjóður og undirfyrirtæki fjárfesti á árinu 2015 fyrir **350 m.kr.**, sem er afar mikilvægt fyrir samfélagið í heild sinni. Stærsta fjárfestingaverkefnið á næsta ári eru hitaveituframkvæmdir í Fljótum.


Þróun tekna.

Undanfarin ár hafa tekjur hjá sveitarfélaginu ekki haldið í við verðlagshækkunar að öllu leiti og liggur það fyrst og fremst í lækkuðum framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og má segja að enn sé langt í land með að tekjugrundvöllur sveitarfélagsins sé sá sami og var áður. Útsvarstekjur hafa aftur á móti haldið nokkuð í við verðlag.



Eftirfarandi súlurit sýnir þróun framlaga Jöfnunarsjóðs eins og þau hafa þróast frá árinu 2007 og eru áætluð á næsta ári.

Framlög Jöfnunarsjóðs 2007 – 2015



Mismunur á áætluðum framlögum Jöfnunarsjóðs á árinu **2015** og uppreiknuðum framlögum ársins **2008** er um **363 m.kr.** Mismunur á milli árunna **2009** og **2015** eru **74 m.kr.** Það er því augljóst að þessi lækkun skatttekna hefur haft áhrif á rekstrarafkomu sveitarfélagsins undanfarin ár.

Rekstur málaflokka

Eins og áður taka fræðslu- og uppeldismálin til sín stærstan hluta skattteknanna í áætlun ársins. Málaflokkurinn tekur til sín herra hlutfall í ár en á síðasta ári eða **57%**, var með **55%** í áætlun ársins 2014. Má þó segja að vegna þeirra hagræðingaraðgerða sem ráðist var í, m.a. vegna lækkandi tekna sveitarsjóðs, hafi tekist að ná málaflokki niður og hann því farinn að taka til sín lægra hlutfall skatttekna en áður þar sem árið 2012 fóru **61,6%** af skatttekjum til málaflokksins. Helsta ástæða hækkunar á milli árunna 2014 og 2015 eru kjarasamningshækkanir. Hlutur annarra málaflokka er svipað hlutfall af skatttekjum og verið hefur undanfarin ár. Athygli vekur þó að hlutfall félagsþjónustu eykst enn á milli ára, sem og hlutur menningarmála. Hreinlætismál (sorphirða), en sá málaflokkur vegur sífellt þyngra í rekstri sveitarfélagsins



ár frá ári, lækkar þó aðeins. Næst á eftir fræðslumálum koma æskulýðs- og íþróttamál með **11,3%** af skatttekjum og sameiginlegur kostnaður með **7,7%** af skatttekjum.

Rekstur málaflokka í þús. króna					
Aðalsjóður:	-	-	-		
Skatttekjur	-2.707.034	-	-	-2.707.034	
	Tekjur	Launaliðir	Aðrir liðir	Rekstr.niðurstaða	
Félagsþjónusta	-342.775	314.022	213.179	184.426	6,8%
Heilbrigðismál			1.176	1.176	0,0%
Fræðslu- og uppeldismál	-211.659	1.168.552	585.613	1.542.506	57,0%
Menningarmál	-63.072	103.077	114.189	154.194	5,7%
Æskulýðs- og íþróttamál	-103.160	149.193	259.098	305.131	11,3%
Brunamál og almannavarnir	-27.787	56.022	35.347	63.582	2,3%
Hreinlætismál	-60.156		106.203	46.047	1,7%
Skipulags- og byggingamál	-5.480	33.706	17.362	45.588	1,7%
Umferðar- og samgöngumál	-2.170	606	77.285	75.721	2,8%
Umhverfismál	-3.169	28.234	45.057	70.122	2,6%
Atvinnumál	-12.050	19.589	49.126	56.665	2,1%
Sameiginlegur kostnaður	-33.248	129.214	112.217	208.183	7,7%
Lífeyrisskuldbinding		45.100		45.100	1,7%
Óvenjurlegir liðir		60.000		60.000	
Fjármagnsliðir			-4.996	-4.996	0,2%
	-3.571.760	2.107.315	1.610.856	146.411	
Aðrir sjóðir í A-hluta:					
Eignasjóður	-623.552	22.726	441.979	-158.847	
Þjónustustöð	-33.163	36.549	43.328	46.714	
Millifærslur	590.337		-590.337		
	-66.378	59.275	-105.030	-112.133	
Sveitarsjóður A-hluti	-3.638.138	2.166.590	1.505.826	34.278	1,3%



Sjóðir í B-hluta	Tekjur	Launaliðir	Aðrir liðir	Rekstr.niðurstaða
Félagsbúðir Skagafjarðar	-67.714		76.866	9.152
Fráveita	-88.850	11.583	26.104	-51.163
Hafnarsjóður Skagafjarðar	-84.689	21.568	41.817	-21.304
Tímatákn ehf.	-3.300		3.312	12
Hitaveita	-361.572	94.571	228.865	-38.136
Vatnsveita	-75.842	150	53.590	-22.102
Sjóveita	-3.060	0	2.938	-122
Millifærslur	53.006		-53.006	0
Samtals B-hluti	-632.021	127.872	380.486	-123.663
Samantekið A + B hluti	-4.270.159	2.294.462	1.886.312	-89.385

Þróun málaflokka sem hlutfall af skatttekjum

Málaflokkar	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Félagsmál	6,0%	4,8%	5,2%	4,0%	5,3%	5,4%	5,6%	6,1%	6,40%	6,60%	6,7%	6,8%
Heilbr.mál	0,7%	0,6%	0,6%	0,5%	0,5%	0,6%	0,6%	0,6%	0,60%	0,00%	0,0%	0,0%
Fræðslumál	56,8%	58,7%	56,9%	51,6%	53,0%	58,1%	57,9%	61,8%	61,60%	57,50%	55,2%	57,0%
Menn.mál	5,3%	5,1%	5,0%	4,6%	4,9%	5,2%	5,5%	5,4%	5,60%	5,60%	5,2%	5,7%
Æskul og íþrm	14,0%	13,6%	13,4%	11,1%	11,3%	12,5%	12,4%	12,2%	12,10%	11,40%	11,8%	11,3%
Brunamál	2,1%	3,0%	1,6%	2,1%	2,1%	2,4%	2,4%	2,3%	2,80%	2,60%	2,3%	2,3%
Hreinl.mál	1,3%	0,7%	1,4%	1,0%	0,8%	0,9%	1,1%	1,1%	1,30%	1,60%	1,9%	1,7%
Skipul.mál	2,1%	2,2%	1,8%	1,7%	3,0%	2,4%	2,0%	2,1%	1,90%	2,00%	1,8%	1,7%
Umf. og samg.mál	2,7%	3,0%	3,2%	2,9%	2,6%	3,0%	2,8%	2,5%	2,50%	2,50%	2,6%	2,8%
Umv.mál	2,5%	2,5%	2,2%	2,1%	2,3%	2,9%	2,4%	2,5%	2,50%	2,40%	2,5%	2,6%
Atvinnumál	3,7%	2,0%	2,3%	1,9%	1,7%	2,2%	2,1%	1,8%	2,20%	1,90%	1,9%	2,1%
Sam.kostnaður	10,9%	13,9%	13,3%	9,3%	11,1%	10,1%	8,8%	7,7%	9,40%	8,60%	9,2%	7,7%



Fjárfestingar og framkvæmdir

Áætlaðar fjárfestingar og framkvæmdir skiptast þannig í þúsundum króna:

Fjárfestingar og framkvæmdir:	
Eignasjóður	219.200
Fráveita	12.800
Hafnarsjóður	6.000
Skagafjarðarveitur	112.000
Fjárfestingar og framkvæmdir alls	350.000

Auk fyrrgreindra fjárfestinga er gert er ráð fyrir að verja rekstrarmegin um **81,7 m.kr** í viðhald fasteigna Eignasjóðs.

Greinargerð þessi er sett fram til glöggvunar við yfirferð fjárhagsáætlunar. Ég vil í lok hennar færa samstarfsfólki mínu og þá sér í lagi sviðsstjóra fjármála -og stjórnsýslusviðs, ásamt sviðsstjórum, öðrum starfsmönnum, kjörnum fulltrúum, fagnefndum og byggðarráði, þakkir fyrir gott samstarf við þá vinnu sem að baki er við að ná fram auknu hagræði í rekstri og lagt grunninn að fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar næstu árin. Ber að þakka þann árangur sem þegar hefur náðst en jafnframt vil ég brýna menn áfram til góðra verka í þeirri vinnu sem er í gangi og framundan er. Aðhalds þarf áfram að gæta í starfsmannahaldi sem og innkaupum. Vinnu okkar er ekki nærri lokið og vænti ég áframhaldandi góðrar samvinnu allra aðila svo halda megi þannig á málum að við getum áfram rekið hér gott samfélag sem er í stakk búið til að veita íbúum sínum góða þjónustu og þannig stuðla að áframhaldandi jákvæðri þróun í vexti og viðgangi sveitarfélagsins.

Sauðárkróki 11. desember 2014

Ásta Björg Pálmadóttir

Sveitarstjóri